

Umhverfisstofnun
Þórdís V. Bragadóttir
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 31. október 2024
Málsnúmer: 202410-0049
IAS

Efni: Umsókn um leyfi til drónaflugs innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár

Við er í tölvubréf frá Umhverfisstofnun, dags. 24. október 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna umsóknar Huang Yu um leyfi til drónaflugs innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.

Fram kemur að til standi að fljúga yfir Mývatni 10.-11. nóvember 2024.

Um drónaflug á svæðinu gilda ekki skýrar reglur og er mikilvægt að bætt verði úr því, t.d. í stjórnunar- og verndaráætlun verndarsvæðisins. Líta mætti til hvaða reglur gilda um drónaflug á friðlýstum svæðum erlendis í því sambandi. Að mati Náttúrufræðistofnunar er óskynsamlegt að veita leyfi fyrir drónaflugi innan verndarsvæðisins á tíma þegar fuglalíf er mjög viðkvæmt, þá einkum á varp- og fellitíma fugla. Umrædd tímasetning, 10.-11. nóvember, er utan þess tíma en þess ber að geta að vatnafuglar eru við Mývatn allt árið um kring. Náttúrufræðistofnun leggst ekki gegn því að leyfið verði veitt sé þess gætt að valda ekki truflun á fuglalífi.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

